



Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Fundargerð

83. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 4. maí 2018 kl. 13:30 á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mæting:

Reykjavík:

Hjálmar Sveinsson og Halldór Halldórsson

Kópavogsbær:

Hreiðar Oddsson

Hafnarfjarðarbær:

Borghildur Sturludóttir

Garðabær:

Sigurður Guðmundsson

Mosfellsbær:

Bryndís Haraldsdóttir og Ólafur Ingi Óskarsson

Seltjarnarnesbær:

Kjósarhreppur:

G. Oddur Víðisson

Ása Richardsdóttir og Steinþór Einarsson boðuðu forföll.

Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins ritaði fundargerð. Formaður, Hjálmar Sveinsson, setti fund og stýrði.

1. Svæðisskipulagið Höfuðborgarsvæðið 2040: Breyting vegna Borgarlínu / málsnr. 1702003

Staðfestingarferli breytingartillögu sbr. 3. mgr. 25. gr. skipulagslaga.

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins samþykkti þann 2. mars 2018 tillögu að breytingu á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040. Breytingin felst í að marka samgöngu- og þróunarása fyrir Borgarlínu á kort 2 og setja fram í greinargerð leiðbeinandi viðmiðun um uppbyggingu innan ásanna.

Tillagan var auglýst og lá frammi til kynningar ásamt fylgigögnum frá 29. nóvember 2017 til og með 17. janúar 2018 og bárust 21 athugasemd.

Helstu breytingar sem gerðar voru á auglýstri tillögu eru:

- Bætt er við umfjöllun í greinargerð um forsendur breytingarinnar.
- Skilgreind er á korti 2 tenging milli miðkjarnanna Smáralindar og Mjóddar sem saman mynda svæðiskjarna.

Sveitarstjórnir á höfuðborgarsvæðinu hafa samþykkt tillöguna og afgreiðslu svæðisskipulagsnefndar sem hér segir:

Á fundi bæjarstjórnar Seltjarnarness þann 21. mars 2018

Á fundi bæjarstjórnar Mosfellsbæjar þann 21. mars 2018

Á fundi bæjarstjórnar Kópavogs þann 27. mars 2018

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 11. apríl 2018

Á fundi borgarstjórnar Reykjavíkur þann 17. apríl 2018

Á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar þann 3. maí 2018
Á fundi hreppsnefndar Kjósarhrepps þann 3. maí 2018.

Í samræmi við 3. mgr. 25 gr. skipulagslaga verður svæðisskipulagsbreytingin send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Jafnframt verður niðurstaða nefndarinnar auglýst og þeir sem sendu inn athugasemdir við auglýsta tillögu upplýstir um viðbrögð og niðurstöðu svæðisskipulagsnefndar.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd fagnar því að nú hafi verið stigið stórt skref með samþykki allra sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Nefndin fagnar jafnframt þeim áformum ríkisins, sem birtast í ríkisstjórnarsáttmála og fjármálaáætlun, um að hefja viðræður við sveitarfélögin í ár um samgöngubætur á höfuðborgarsvæðinu.

- 2. Úttekt á rými innan svæðisskipulags undir athafna- og iðnaðarsvæði / málsnr. 1712001**
Samúel Torfi Pétursson sérfræðingur hjá VSÓ kynnti frumniðurstöður úttektar athafna- og iðnaðarsvæðum innan vaxtarmarka höfuðborgarsvæðisins.

Umræður.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd þakkar fyrir yfirgripsmikið yfirlit og leggur til við sveitarfélögin að kynna sér niðurstöður úttektarinnar. Nefndin telur jafnframt þörf að gerð verði samskonar úttekt á rými annars konar atvinnugreina s.s. verslunar og þjónustusvæðum.

- 3. Aðalskipulag Reykjavíkur: Afmörkun landnotkunar - Svæði fyrir samfélagsstofnanir / málsnr. 1802002**

Vinnslutillaga til umsagnar sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Um er að ræða smávægilega breytingu á skipulagsuppdrætti þar sem verið er að lagfæra ósamræmi í skipulagsuppdrætti þannig að landnotkunarreitir samfélagsstofnanna falli að lóðarmörkum.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd telur breytinguna ekki gefa tilefni til athugasemda nefndarinnar þar sem hún hefur ekki svæðisbundið vægi og er í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.

- 4. Aðalskipulag Hafnarfjarðar: Breytt lega Ásvallabrautar og tenging við Kaldárselsveg / málsnr. 1801004**

Auglýst tillaga sbr. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Með breytingunni er verið að útfæra tengibraut innan Hafnarfjarðar sem liggur ekki yfir í önnur sveitarfélög. Ásvallabraut er ekki skilgreind sem stofnvegur í svæðisskipulagi.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við tillögudrögin.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:30.

Borgarstjórn 8.5.'18: Fyrirspurn borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi vilyrði til aðila utan borgarkerfisins - R17010090

Óskað er eftir upplýsingum um öll vilyrði til aðila utan borgarkerfisins sem borgarstjóri eða aðrir embættismenn hafa veitt með undirritun sinni og líkleg eru til að hafa fjárútlát í för með sér fyrir Reykjavíkurborg. Einnig er óskað eftir því að þessar upplýsingar verði veittar sem fyrst og eigi síðar en í lok yfirstandandi viku.

BORGARSTJÓRN 15. maí 2018: Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um friðlýsingu Elliðaárdals - R18050024

Borgarstjórn samþykkir að unnið verði að því að Elliðaárdalur verði friðlýstur vegna sérstaks náttúrufars, dýralífs og jarðsögu.

Greinargerð:

Elliðaárdalur er náttúruperla sem eitt stærsta græna svæðið í Reykjavík. Verndargildi hans er ótvírætt. Náttúrufar þar er einstakt, fuglalíf afar fjölbreytt og fá svæði í borginni búa yfir jafn mörgum fuglategundum. Jarðsagan er stórbrotin en finna má setlög þar frá lokum ísaldar, einkum strandseti frá hærri sjávarstöðu og neðarlega í dalnum má sjá stóra strandhjalla. Leitarhraun mótar landslag Elliðaárdalsins en það er 4.500 ára gamalt hraun. Elliðaárnar hafa rofið hraunið og myndað fossa í ánni en stærstu fossarnir eru Selfoss og Stórifoss skammt fyrir neðan Árbæjarstífluna. Laxveiði hefur verið stunduð í Elliðaánum frá fornu fari, líklega frá upphafi byggðar í Reykjavík. Danakonungur átti laxveiðirétt í ánum í um þrjú hundruð ár, þar til á 19. öld en þá voru veiðiréttindi seld. Reykjavíkurborg keypti árnar árið 1906. Árið 2012 friðlýsti þáverandi menntamálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, einungis hús í Elliðaárdalnum en ekki dalinn sjálfan. Það er mikilvægt að dalurinn verði friðlýstur til að vernda þessa einstöku náttúruperlu fyrir ágangi nýrra bygginga og mannvirkja. Einungis eru fimm friðlýst svæði innan borgarmarkanna en þau eru Fossvogsbakkar, Háubakkar, Laugarás, Rauðhólar og Eldborg í Bláfjöllum.



Lyfjastofnun
Icelandic Medicines Agency

Málsnúmer: 218.050119
Skjalasafn Ráðhúss
15. maí 2018
Bréfalýkill: 2424

Borgarstjórn Reykjavíkur
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Reykjavík, 9.5.2018

Tilvísun: 7.1.4.1 / Málsnúmer: 2018050122

Efni: Umsagnar leitað vegna nýs lyfsöluleyfis

Lyfjastofnun barst 9. maí umsókn frá lyfjafræðingi, um lyfsöluleyfi fyrir nýja lyfjabúð, að Katrínartúni 4, 105 Reykjavík.

Samkvæmt 3. mgr. 20. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 skal Lyfjastofnun senda umsóknir um ný lyfsöluleyfi viðkomandi sveitarstjórn til umsagnar. Fram kemur í ákvæðinu að við mat umsóknar skuli m.a. stuðst við íbúafjölda að baki lyfjabúðinni og fjarlægð hennar frá næstu lyfjabúð. Leggist umsagnaraðili gegn veitingu leyfis er Lyfjastofnun heimilt að hafna umsókninni.

Með vísan til framangreinds óskar Lyfjastofnun hér með eftir umsögn borgarstjórnar Reykjavíkur um umsóknina.

Þess er óskað að umsögnin berist svo fljótt sem auðið er og **eigi síðar en 6. júní nk.**

F.h. Lyfjastofnunar,

Brynhildur Briem

Brynhildur Briem

Frá: Runólfur Ágústsson <runolfur@runolfur.is>

Sent: mánudagur, 14. maí 2018 10:59

Til: Dagur B Eggertsson <dagur.b.eggertsson@reykjavik.is>

Afrit: Hjálmar Sveinsson <Hjalmar.Sveinsson@reykjavik.is>; Þorsteinn Rúnar Hermannsson

<thorsteinnrh@reykjavik.is>; Edda Ívarsdóttir <Edda.Ivarsdottir@reykjavik.is>;

hallasolveig@internet.is; Pétur Krogh Ólafsson <polafsson@reykjavik.is>

Efni: Erindi til borgarstjóra vegna endurgerða Haðarstígs

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri.

Varðar: Endurgerð Haðarstígs.

Afrit: Hjálmar Sveinsson, Þorsteinn R. Hermannsson og Edda Ívarsdóttir.

Haðarstíg 15.5.2018

Ágæti borgarstjóri

Í síðustu viku var haldinn íbúafundur á Haðarstíg um endurgerð götunnar með fulltrúa borgarinnar og hönnuði þar sem mikil og almenn ánægja kom fram um hönnun og útfærslu framkvæmdarinnar. Hins vegar óskum við í kjölfar fundarins liðsinni borgarstjóra til að leysa úr þremur málum varðandi framkvæmdina sem okkur þykja óásættanleg:

1. Undir núverandi yfirboði eru um 100 ára gamlar lagnir. Fram kom á fundinum að óvíst væri að þær yrðu endurnýjaðar samhliða endurgerð götunnar. Þetta þykir okkur fráleitt út frá hagsmunum okkar sem íbúa en ekki síður fjárhagslegum hagsmunum borgarinnar. Það væri sorglegt ef milljónatuga framkvæmd þyrfti að taka upp innan mánaða, missera eða ára þegar þessar gömlu lagnir bila.
2. Á fyrri stigum kom fram eindregin ósk íbúa að samhliða steinlagningu götunnar, yrði sett snjóbræðsla í hana. Tekið skal fram að gatan er í senn gata fyrir bíla og gangbraut eins og aðrar vistgötur borgarinnar s.s. Smiðjustigur sem nýlega var endurgerður. Á veturna er gríðarleg hálsa í götunni og torfært um enda komast hefðbundin snjóruðningstæki þar ekki um. Við efri hluta götunnar búa þannig eldri hjón sem við þær aðstæður komast ekki úr húsi. Á fundinum með Eddu kom fram að óvíst væri að orðið yrði við þessu. Það er mat okkar og íbúa að snjóbræðsla sé lykilforsenda framkvæmdarinnar. Ef að málið varðar kostnað, leggjum við til að sparað verði í öðrum þáttum s.s. fyrirhugðum upplýstum gróðrarsúlum sem vissulega myndu setja fallegan brag á útlit götunnar, en er ekki grundvallaratriði fyrir íbúa eins og snjóbræðslan er.
3. Sorphirða er verulegt vandamál á Haðarstíg sökum þess hver þröng gatan er. Ruslabíll þarf þannig að bakka upp götuna til að sækja tunnur frá húsum við hana og bakhúsum við Njarðargötu og Bragagötu með tilheyrandi tíma, óþægindum og kostnaði, auk þess álags sem óhjákvæmilega verður á endurgerða götu af völdum þessara stóru og þungu farartækja sem brotið hafa tré og skemmt grindverk.

Þvi hafa íbúar óskað eftir því að Sorpa hætti að sækja rusl að íbúðum og húsum en íbúar flokki þess í stað sorp hver um sig og komi sjálfir í djúpgáma við enda götunnar þar sem gerð hafa verið drög að skipulagi varðandi slíkt. Hér yrði um tilraunaverkefni í samstarfi íbúa og borgarinnar að ræða. Fram kom á ofangreindum íbúafundi að slíkt væri mögulegt en að íbúar yrðu sjálfir að bera kostnað af framkvæmdinni. M.ö.o. að sú aðgerð að borgin hætti að sækja rusl heim til íbúa, en þeir skili því sjálfir flokkuðu í gáma muni kosta á bilinu 3-4 hundruð þúsund á íbúð. Þetta þykir okkur alveg fráleitt og ekki samræmast tíðaranda í umhverfismálum. Við uppbyggingu nýrra hverfa er eðlilegt að innviðakostnaður sem þessi sé hluti af byggingakostnaði, en eins og málum er hér háttað þá bara getur þetta ekki átt að vera svona, enda mun framkvæmdin spara borginni verulegan kostnað til framtíðar í sorphirðu.

Fyrir hönd íbúa með ósk um skjót svör.

Halla Sólveig Þorgeirsdóttir

Runólfur Ágústsson

Frá: Ásta K. Helgadóttir <asta.helgadóttir@umhverfisstofnun.is>
Sent: föstudagur, 11. maí 2018 15:22
Til: Upplýsingar - Pósthólf Símaver <upplýsingar@reykjavik.is>
Efni: Nú er tími aðgerða - vinnum saman að árangri í loftslagsmálum!

Kæri viðtakandi,

Nú er tími aðgerða – vinnum saman að árangri í loftslagsmálum!

Umhverfisstofnun mun standa fyrir röð vinnustofa dagana 23. – 24. maí um áhrif aðgerða sem miða að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Fulltrúa frá Reykjavíkurborg er boðið að mæta á vinnustofur um losun frá orkugeiranum, m.a. vegasamgöngum, milli 9:00-11:00 þann 24. maí næstkomandi á Umhverfisstofnun, Suðurlandsbraut 24. Ef það eru einhverjir sem þú telur að hafi áhuga á að koma og taka þátt í þessari vinnu má endilega áframsenda þennan póst.

Margvísleg og góð verkefni eru í gangi víða í samfélaginu sem hafa þann tilgang að draga úr losun en við þurfum að geta metið áhrif þessara verkefna til þess að átta okkur á hvort við séum á réttri leið. Til þess að fá sem heildstæðustu yfirsýn yfir þær stefnur og aðgerðir sem verið er að vinna að og til að Ísland standist sínar skuldbindingar er mikilvægt að sem flestir komi að þessari vinnu. Á vinnustofnunum munum við safna saman þeim aðgerðum, stefnum og verkefnum sem þið eruð að vinna að og hjálpast að við að áætla framtíðarlosun Íslands. Verið endilega búin að velta fyrir ykkur fyrir fundina hver af ykkar verkefnum eru að stuðla að samdrætti í losun.

Umhverfisstofnun mun líka halda opinn upplýsingafund um þetta verkefni milli 9:00-10:30, þann 23. maí, í Fundarherbergi D á Hilton Reykjavík Nordica. Meira um þessa fundi má finna [hér](#) á vef Umhverfisstofnunar. Athugið að vinnufundirnir munu fara fram á ensku.

Vinsamlegast láttu okkur vita [hér](#) hvort þú komist á þessar vinnustofu og/eða almenna kynningarfundinn fyrir 16. maí næstkomandi. Ef þú sérð þér ekki fært um að mæta á fundina, en veist af eða ert að vinna að verkefnum sem tengjast spám, aðgerðum eða stefnum í loftslagsmálum, þá máttu einnig endilega hafa samband við okkur.

Með von um gott samstarf.

Bestu kveðjur,

Loftslags- og loftmengunarteymi Umhverfisstofnunar

Bestu kveðjur, Best regards

Ásta Karen Helgadóttir

Sérfræðingur, Advisor

Svið náttúru, Department for Nature

tolvupostur-signature

Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland

Sími / Phone: +354 591 2000

Bréfasími / Fax: +354 591 2010

Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is)

Til framkvæmdastjóra og mannauðsstjóra sveitarfélaga,

Kjarasvið sambandsins hefur opnað upplýsingasíðu með tölulegum upplýsingum um kjarasamning, laun og starfskjör félagsmanna í Félagi grunnskólakennara (FG).

Upplýsingarnar eru unnar upp úr gildandi kjarasamningi Sambands Íslenskra sveitarfélaga við Félag grunnskólakennara, launakönnun sambandsins frá október 2017 og útreikningum Hagstofunnar á launa- og kaupmáttarþróun.

Með góðri kveðju,



Inga Rún Ólafsdóttir

sviðsstjóri kjarasviðs

Beint innval: 515 4928

Netfang: inga.run.olafsdottir@samband.is

Samband Íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík

Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903

www.samband.is



Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur

Málsnr.: R18010072
Skjalasafn Ráðhúss
03. maí 2018
Bréfalykill: 5252

Efni: Skýrsla samkvæmt 37. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar
Um er að ræða lægstbjóðendur nema annað sé tekið fram.

Yfirlit yfir verkefni innkaupadeildar f.h. upplýsingatæknideildar Reykjavíkurborgar í apríl 2018

Teg. verks / vöru / þjónusta	Seljandi / samn.aðili	Samnings- verð	Kostn.áætl.	Teg. samn./ samn.tími	Innkaup / útboð / fyrirspurn	Hver tók ákvörðun
Fotoware hugbúnaðarleufi	DD ehf	902.917	1,0 m.kr	Pöntun	Verðfyrirspurn	upplýsinga- tæknideild
A0 Fjölnotatæki	PLT ehf	1.966.648	2,7 m.kr.	Pöntun	Verðfyrirspurn	upplýsinga- tæknideild

Yfirlit yfir verkefni innkaupadeildar f.h. skrifstofu eigna- og atvinnubrúunar Reykjavíkurborgar í apríl 2018

Teg. verks / vöru / þjónusta	Seljandi / samn.aðili	Samnings- verð	Kostn.áætl.	Teg. samn./ samn.tími	Innkaup / útboð / fyrirspurn	Hver tók ákvörðun
Engjavegur 13, mhl 08 Hafrafell niðurrif	Abttak ehf	2.504.000	4.000.000	Verksamn. / verkl. 1.5.2018	Verðfyrirspurn	skrifstofa eigna- og atvinnu- brúunar

Yfirlit yfir verkefni innkaupadeildar f.h. Reykjavíkurborgar í apríl 2018

Teg. verks / vöru / þjónusta	Seljandi / samn.aðili	Áætl. velta á ársgrundv.	Teg. samn./ samn.tími	Innkaup / útboð / fyrirspurn	Hver tók ákvörðun
Ferskt grænmeti og ávextir	Bananar ehf., Ekran ehf., Innnes ehf., Sölufélag Garðyrkjumanna ehf.	140,0, m.kr.	Rammasamn. / samn.lok 16.4.2019	EES Útboð	Innkauparáð
Tölvu og netbúnaður - Framlenging	Tölvulistinn ehf., Advania hf., Nýherji hf., Skakkiturn ehf., Sensa ehf., Opin Kerfi hf., Egilsson ehf	250,0 m.kr	Rammasamn./ samn.lok 29.4.2019	EES útboð	Innkauparáð

Guðbjörg Eggertsdóttir

Guðbjörg Eggertsdóttir
innkaupadeild Reykjavíkurborgar

